

9.10.2025



Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.: Afkomutilkynning fyrir 1. mars 2025 til 31. ágúst 2025

Árshlutareikningur samstæðu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. fyrir tímabilið 1. mars 2025 – 31. ágúst 2025 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum 9. október 2025.

Helstu niðurstöður árshlutareiknings fyrir annan ársfjórðung fjárhagsársins 2025 eru:

- **Heildarniðurstaða ársfjórðungsins var samkvæmt áætlunum og stendur útgefin afkomuspá fjárhagsársins óbreytt um að EBITDA fjárhagsársins verði 4.800-5.200 millj. kr.**
- **Vörusala samstæðu Ölgerðarinnar jókst um 2,0% miðað við sama tímabil á síðasta ári.**
- **EBITDA ársfjórðungsins var 1.611 millj. kr. og lækkaði um 2,7% á milli ára.**
- **Hagnaður eftir skatta var 875 millj. kr. og lækkaði um 54 millj. kr.**
- **Iceland Spring og Collab útflutningur hafa neikvæð áhrif á EBITDA sem nemur 143 millj. kr. á tímabilinu miðað við sama fjórðung í fyrra.**

Helstu niðurstöður árshlutareiknings fyrstu 6 mánuði fjárhagsársins 2025 eru:

- **Vörusala samstæðu Ölgerðarinnar jókst um 2,7% miðað við sama tímabil á síðasta ári.**
- **EBITDA fyrstu 6 mánuðina var 2.581 millj. kr. samanborið við 2.711 millj. kr. árið áður.**
- **Útflutningur á vörum Iceland Spring og Collab hefur 264 millj.kr. neikvæð áhrif á EBITDA tímabilsins miðað við sama tímabil árið áður.**
- **Innlendi hluti starfseminnar skilar 5% hærri EBITDA og 8% hærri hagnaði en á sama tímabili í fyrra.**
- **Hagnaður eftir skatta var 1.254 millj. kr. samanborið við 1.411 millj. kr. árið áður**

Rekstur Q2 2025 (millj. kr.)

Rekstrarreikningur Q2 2025	Q2 2025	Q2 2024	Breyt.	% Breyt
Vörusala	13.000	12.739	261	2%
Áfengis- og skilagjald	3.534	3.369	166	5%
Vörunotkun	4.788	4.951	-164	-3%
Annar framleiðslukostnaður	250	262	-12	-4%
Framlegð	4.428	4.157	270	7%
Aðrar tekjur	11	11	0	0%
Laun og launatengd gjöld	1.370	1.239	131	11%
Sölu- og markaðskostnaður	785	666	119	18%
Annar kostnaður	673	608	65	11%
EBITDA	1.611	1.656	-45	-3%
Afskriftir	303	271	32	12%
EBIT	1.308	1.385	-77	-6%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	218	232	-13	-6%
Hagnaður fyrir skatta	1.090	1.154	-63	-6%
Tekjuskattur	215	224	-9	-4%
Hagnaður e skatta	875	930	-54	-6%

Framlegð hækkaði um 7% milli ára, sem skýrist bæði af hærri söluhlutdeild eigin vörumerkja og betri árangri í framleiðslu. Um 8% aukning var í sölu til hótela og veitingastaða (Horeca) á ársfjórðungnum. Sala til stórmarkaða jókst um 2% milli ára og 5% vöxtur var í sölu til bensínstöðva og skyndibita.

Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 11% milli ára. Stöðugildum fjölgaði um 23 milli ára og má skýra það með auknum umsvifum í snyrtivöruhluta Danól ásamt innvistun á hluta af vöruhúsastarfsemi og kaffivélaþjónustu. Ölgerðin rekur nú tvö vöruhús og hóf hið nýrra, sem er á Köllunarklettsvegi 6 og er með 14 stöðugildi, starfsemi í febrúar.

Sölu- og markaðskostnaður jókst um 18% milli ára og annar kostnaður um 11%. Samtals jókst rekstrarkostnaður um 14% milli ára. Markaðssetning á Collab í Þýskalandi hófst á tímabilinu og fellur til kostnaður vegna þess. EBITDA áhrifin af Collab útflutningi á þessum ársfjórðungi voru neikvæð um 108 millj.kr. og 228 millj. kr. á fyrstu 6 mánuðum ársins. Áhrifin á fjárhagsárið í heild sinni verða neikvæð um 350 millj. kr. eins og áður hefur verið gefið út. Neikvæð áhrif á seinni hluta fjárhagsársins eru áætluð 122 millj. kr. samanborið við 197 millj. kr. á seinni hluta síðasta fjárhagsárs.

Fjármagnsliðir stóðu nokkurn veginn í stað á milli ára. Aukin skuldsetning og lægri vextir vega hvort annað upp að mestu leyti.

Efnahagur 31.08.2025 (millj. kr.)

Efnahagur	31.8.2025	28.2.2025	Breyt.	% Breyt
Eignir	35.654	33.184	2.470	7%
Eigið fé	17.358	16.375	983	6%
Eiginfjárlutfall	48,7%	49,3%	-0,6	
Vaxtaberandi skuldir og leigusk.	9.368	8.719	650	7%
Handbært fé	2.132	1.273	858	67%
Nettó vaxtaberandi skuldir og leigusk.	7.237	7.445	-209	-3%
EBITDA sl. 12 mán	4.910	5.040	-130	-3%
NIBD/EBITDA sl. 12 mán	1,47	1,48	-0,01	

Nettó vaxtaberandi skuldir, að viðbætti húsaleiguskuldbindingu, voru 7.237 millj. kr. í lok annars ársfjórðungs. Það er lækkun um 209 millj. kr. frá upphafi fjárhagsársins. Síðasta dag ársfjórðungsins bar upp á helgidag og gjalddagi hárra viðskiptakrafna eins og hjá ÁTVR færðist yfir í september. Þetta þarf að hafa í huga þegar efnahagsliðir eru bornir saman við stöðuna í upphafi fjárhagsársins.

Meðalvextir skulda samstæðunnar í íslenskum krónum voru 9,2% í lok annars ársfjórðungs.

Rekstur 6 mán 2025 (millj. kr.)

Rekstrarreikningur 6 m 2025	2025	2024	Breyt.	% Breyt
Vörusala	24.609	23.972	636	3%
Áfengis- og skilagjald	6.555	6.217	339	5%
Vörunotkun	9.157	9.270	-113	-1%
Annar framleiðslukostnaður	489	481	8	2%
Framlegð	8.408	8.005	403	5%
Aðrar tekjur	16	18	-2	-9%
Laun og launatengd gjöld	2.843	2.560	283	11%
Sölu- og markaðskostnaður	1.683	1.551	132	9%
Annar kostnaður	1.316	1.200	116	10%
EBITDA	2.581	2.711	-130	-5%
Afskriftir	603	548	55	10%
EBIT	1.978	2.163	-185	-9%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	416	428	-12	-3%
Hagnaður fyrir skatta	1.562	1.735	-173	-10%
Tekjuskattur	308	324	-16	-5%
Hagnaður e skatta	1.254	1.411	-157	-11%

Á fyrri helmingi fjárhagsársins jókst framlegð samstæðunnar um 5% en EBITDA samstæðunnar dróst saman um 5%. Rekstur Iceland Spring þyngdist á fyrstu 6 mánuðunum miðað við sama tímabil á síðasta ári vegna beinna og óbeinna áhrifa af tollasetningu í Bandaríkjunum. Viðskiptavinir hafa samþykkt hærri verð frá 1. september. Sá kostnaður sem ákveðið var að leggja út í vegna markaðssetningar á Collab erlendis litar rekstrarniðurstöðu.

Sé horft framhjá útflutningi á Collab og Iceland Spring hækkar rekstrarhagnaður (EBITDA) innlendu starfseminnar um 134 millj. kr. milli ára eða 5%, og hagnaður eftir skatta um 102 millj. kr. eða 8%. Sjá nánar í töflu hér að neðan:

Rekstur 6 mán 2025 (millj. kr.) án Iceland Spring og Collab útflutnings

Rekstrarreikningur 6 m 2025 (innlend starfsemi)	2025	2024	Breyt.	% Breyt
Vörusala	23.381	22.714	667	3%
Áfengis- og skilagjald	6.555	6.217	339	5%
Vörunotkun	8.318	8.543	-225	-3%
Annar framleiðslukostnaður	400	386	14	4%
Framlegð	8.108	7.568	540	7%
Aðrar tekjur	16,5	18,0	-1,6	-9%
Laun og launatengd gjöld	2.777	2.511	266	11%
Sölu- og markaðskostnaður	1.392	1.332	60	4%
Annar kostnaður	1.218	1.140	78	7%
EBITDA	2.737	2.603	134	5%
Afskriftir	582	525	58	11%
EBIT	2.154	2.078	77	4%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarfélag	387	395	-8	-2%
Hagnaður fyrir skatta	1.767	1.682	85	5%
Tekjuskattur	301	318	-18	-6%
Hagnaður e skatta	1.466	1.364	102	8%

Fjárfestingar

Vinna við stækkun vöruhúss félagsins við Köllunarklettsveg 6 stendur yfir og gera stjórnendur ráð fyrir að viðbótin verði tekin í notkun í byrjun næsta fjárhagsárs. Á fyrri helmingi ársins var fjárfest í verkefninu fyrir 284 millj. kr. Talsvert kostnaðarhagræði skapast á næsta fjárhagsári þegar starfsemi er komin á fullt. Fjárfestingar í öðrum varanlegum rekstrarfjármunum námu 562 millj. kr. á tímabilinu sem er heldur minna en áætlanir gerðu ráð fyrir. Stærsta einstaka fjárfesting tímabilsins var endurnýjun á loftræsingu í framleiðsluhluta að Grjóthálsi 9.

Eins og áður hefur komið fram var gengið frá kaupum á Ankra ehf. í apríl. Umsamið heildarvirði félagsins vegna kaupanna var 641 millj. kr.

Kaup félagsins á Gæðabakstri og Kjarnavörum bíða samþykktar Samkeppniseftirlitsins. Búið er við niðurstöðu í desember.

Aðrar fréttir í starfseminni:

Rekstur Iceland Spring var undir áætlunum stjórnenda og má rekja það annars vegar til áhrifa innflutningstolla sem setja mark sitt á eftirspurn í Bandaríkjunum og hins vegar til gengis dollars gagnvart íslensku krónunni, en þessir tveir þættir munu hafa áhrif á rekstraruppgjör í íslenskum krónum.

Collab útflutningur gengur samkvæmt áætlun. Í Danmörku er varan seld í um 600 verslunum auk annarra smærri útsölastaða svo sem mótuneyta og söluturna. Veltuhraði í verslunum er í samræmi við væntingar.

Sala í Þýskalandi hófst í byrjun júní og er varan nú seld í um 700 verslunum í norður Þýskalandi – einkum í Hamborg og nágrenni og eru fyrstu viðtökur í samræmi við áætlanir. Sala hefst í Austurríki í október og er áætlað að varan verði fáanleg á yfir 1100 útsölustöðum.

Deiliskipulag á Hólmsheiði hefur tekið gildi. Sem stendur er verið að undirbúa útboð á hönnun gatna og veitna á svæðinu. Miðað er við að hefja framkvæmdir við veitu- og gatnagerð næsta sumar.

Vöruþróun Ölgerðarinnar hefur gengið afar vel eins og áður. Kristall+ var settur á markað á tímabilinu og eru viðtökur góðar. Boli X heldur áfram að sækja í sig veðrið og var með 3,8% markaðshlutdeild á tímabilinu og sjötti mest seldi bjórinn í verslunum ÁTVR.

Vörusala það sem af er þriðja ársfjórðungi er rúmlega 13% meiri en á sama tímabili í fyrra og má rekja hluta þess til tilflutnings milli fjórðunga og að jólavara er fyrr á ferðinni.

Sala á snyrtivörum jókst á tímabilinu og ljóst að tilkoma Luxe hluta L'Oreal styrkir snyrtivöruhluta Danól verulega.

Þá setti Ölgerðin Kærleikskristal á markað í byrjun júní, en allur ágóði af sölnni rann óskiptur til Minningarsjóðs Bryndísar Klöru Birgisdóttur, sem mun fjármagna húsnæði Bryndísarhlíðar, miðstöðvar fyrir börn sem mátt hafa þola ofbeldi. Bónus, Krónan, Hagkaup, Samkaup og N1 gáfu einnig sinn ágóða af sölu vörunnar. Alls söfnuðust um 15 millj. kr. í þetta góða verkefni.

„Félagið heldur áfram öflugri vöruþróun sem skilar sér í virðisauka og vexti fyrir Ölgerðina. Það er ánægjulegt að sjá glæsilegan árangur í sölu á Bola X sem hefur á einu ári skipað sér sess sem einn af söluhæstu björum landsins. Ég er einnig afar stoltur af því að nýlega var gengið frá kaupréttarsamningum við starfsfólk. Kaupréttirnir ná til allra fastráðinna og dótturfélaga þess og fær hver kaupréttarhafi rétt til að kaupa hluti fyrir að hámarki 750.000 krónur einu sinni á ári í þrjú ár. Þegar Ölgerðin var skráð í Kauphöll árið 2022 fékk starfsfólk hlutabréfagjöf að upphæð 500.000 krónur sem reyndist afar farsæl ákvörðun. Kaupréttaráætlunin er rökrétt framhald og undirstrikar mikilvægi trausts og ánægðs starfsfólks“, segir Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar.

Afkomutilkynning fyrir tímabilið 1. mars 2025 – 30. nóvember 2025 (9 mánaða uppgjör) verður birt 18. desember 2025.

Nánari upplýsingar veita:

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri, í síma 665-8010

Jón Þorsteinn Oddleifsson, fjármálastjóri, í síma 820-6491